

Menntanefnd LH

Í menntanefnd sitja: Randi Holaker, Herdís Reynisdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórir Magnús Lárusson og Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, en formaður nefndar er Mette Mannseth. Fundað var á miklum krafti fyrir og í kringum rafrænu ráðstefnuna í upphaf árs en stopult eftir það. Þó var verið að sinna verkefni sem komu upp.

Trainer of the year

Nefndin sá um að tilnefna Þorstein Björnsson fyrir Íslands hönd í kosningu FEIF um "Trainer of the year 2023". Tilnefningin var byggð á tilnefningum frá almenningi og í framhaldi kosningar á netinu (*reglur vorur kynntar á miðlum*). Þorsteinn fékk afhent verðlaun hátíðlega á Menntadegi A – landsliðsins í desember. Val á Þorsteini sem reiðkennara ársins fyrir Íslands hönd var sent til FEIF sem reiðkennari ársins (Feif trainer of the year)

Alþjóðleg rafræn menntaráðstefna 2024

Menntanend LH byrjaði árið á einstaklega áhugaverðri fimm kvöldra rafrænni menntaráðstefnu í samstarfi við Horses of Iceland. Ráðstefnunni lauk á líflegum pallborðsumræðum þar sem fulltrúar hagsmunahópa innan hestamennskunnar mættust og ræddu sína sýn á málefnið. Meginþema ráðstefnunnar var eitt aðalmál hestaheimsins - SLO eða Social Licence to Operate eða félagslegt samþykki til ástundunar.

Farið var í almennar þælingar um hugtakið, hvað það þýðir og hver áhrif þessa þrýstings gæti verið á okkur hestafólk. Einnig hvernig rannsóknir geta hjálpað okkur í þessari umræðu allri og farið í einstaka rannsóknir s.s. áhrif knapabyngdar á hross og fleiri.

Að fjórum afar áhugaverðum fyrirlestrarkvöldum loknum var boðið til fimmta kvöldsins, panelumræðu með fimm frábærum fulltrúum úr ýmsum hliðum hestasamfélagsins. Sú umræða er enn aðgengileg á netinu og opin öllum á youtube.



Horses of Iceland

VIRTUAL EDUCATION SEMINAR FROM LH IN ICELAND IN JANUARY 2024

The Education Committee of LH in Iceland together with Horses of Iceland, is organizing a 2nd virtual Conference in January 2024 with the main theme of "Social Licence to Operate". The seminar is aimed for listed trainers and instructors within the FEIF Matrix as well as judges within our Icelandic horse world and is valid as CPD (16 units) in Iceland (please check with your national organisation if they also acknowledge it as CPD). If you are not part of these groups but still like to attend, you can send in a special request to LH via the email lh@lhhestar.is. Schedule, 5 evenings from 19 GMT:

9.JAN Michael Weishaupt,
Professor at UZH

Social Licence to Operate and what role science can play.

11.JAN Marie Rhodin,
associate professor at SLU

Research in aspects of health analysis of our horses, including revolutionary lameness detection.

16.JAN Guðrún Stefánsdóttir,
docent at Hólaskóli University

Previous and ongoing studies of the effect of riders weight on horses performance.

18.JAN Sveinn Ragnarsson,
professor at Hólaskóli University -

Discussions about horse and human communication, mutual influence and studies in that field with SLO in the core.

23.JAN Panel discussion with professionals from various fields within the Icelandic horse world.

Þessi rafræna menntaráðstefna gildi sem endurmenntun fyrir reiðkennara og tryggir að þátttakendur séu enn listaðir á Reiðkennaralista FEIF. Ráðstefnan skilaði góðum tekjum fyrir sambandið og því safnast talsvert í potti Menntanefndar LH bæði frá þessari ráðstefnu sem og fyrri, fyrir komandi verkefni.

Fleiri símenntunarmöguleikar voru vissulega í boði svo sem árleg sýnikennsla Hólanemenda sem í þetta þetta skiptið var haldin á Akureyri, Menntadagur Landsliðsins & 50 ára Afmælisýning FT .

Framundan

Framundan mun Menntanefnd LH halda áfram að standa undir kröfum um aukna símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ sem og auka upplýsingar um hvernig má sækja um styrki til símenntunar. Kynna þarf þjálfarastig LH fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum, og stuðla að að það verði notað.

Stefnt er að því að halda staðbundna ráðstefnu 2025 og aftur rafræna ráðstefnu 2026 en einnig er vert að benda á að kominn er flipi á heimasíðu LH með yfirlit yfir áhugaverðar símenntunarmöguleika sem framundan eru.

Hlutverk Menntanefndar

Hlutverk Menntanefndar LH er að stuðla að aukinni menntun innan hestamennsku og aukið aðgengi menntunnar þ.m.t. símenntun. Menntanefnd LH tryggir að staðlar og kröfur menntakerfisins sé fylgt eftir. Menntanefnd LH er í tengingu við Menntanefnd FEIF, ÍSÍ sem og opinberar menntastofnanir sem bjóða upp á nám í hestamennsku.

Fyrir hönd Menntanefndar LH

Mette Mannseth